

Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 77. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Hellu og í fjarfundi, 10. október 2019, kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir formaður, Erlingur Freyr Jensson varaformaður, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Karl Ingólfsson varamaður, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður og Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundargerð ritaði: Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.
Heiða Guðmundsdóttir boðaði forföll

1. Rekstraráætlun 2020 - 1909023

Drög að rekstraráætlun vestursvæðis kynnt fyrir svæðisráði
Svæðisráðið gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi drög.

2. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Helstu mál af nýliðnum stjórnarfundum, óskað eftir umsögn svæðisráðs um minnisblað fjármálastjóra um gjaldtöku innan Vatnajökulsþjóðgarðs.
Svæðisráðið telur að gjaldtaka á fámenum ferðamannastöðum á hálendinu, líkt og á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, sé ekki fýsilegur kostur.

3. Vonarskarð - 1709013

fulltrúi frá Landsamtökum hjólreiðamanna hefur óskað eftir að mæta til fundar við svæðisráð til að ræða bann við hjólreiðum í Vonarskarði.

Gestir

Haukur Eggertsson - 00:00

Haukur leggur spurningu fyrir svæðisráð: Hvers vegna er hjólreiðabann í Vonarskarði? Svæðisráð þakkar Hauki fyrir fróðlegt samtal og felur Heiðu Guðný, Erlingi og Fanney að gera drög að svörum og leggja fram á næsta fundi.

Karl Ingólfsson leggur fram bókun og lýsir yfir vonbrigðum yfir því að Haukur hafi ekki fengið svör við spurningunni hvers vegna er hjólreiðabann í Vonarskarði.

4. Vestursvæði - samstarf - 1810012

Samstarfsverkefni VJP, UST, Vegagerðar og Lögregluembættisins. Samstarfið við UST bæði í Hrauneyjum og í Skaftárhreppi hefur gengið mjög vel í sumar og fullur vilji til að halda áfram á sömu braut.

Samstarf þessara aðila, Vegagerðarinnar og Lögregluembættisins varðandi hálendið heldur áfram og er fyrsti fundur haustsins boðaður 18. október. Þar er m.a. verkefnið að halda áfram að finna skilvirkari lausnir varðandi opnun/lokanir hálendisvega á vorin, þegar umhverfið er viðkvæmast.

Fanney segir frá samstarfsverkefnunum sem hafa gengið mjög vel og munu halda áfram.

5. Vestursvæði - styrkir o.fl - 1805021

Krakkastígurinn/jarðfræðileikur á Kirkjubæjarklaustri er á síðustu metrunun og stefnt að því að taka hann í notkun á Uppskeruhátíðinni, 8.nóv. næstkomandi. Sótt var um lokaframlag til hans og tvö önnur verkefni til Vina Vatnajökuls fyrir komandi ár.

Fundi slitið kl. 19:55.